

AUGLÝSING

um

breyting á auglýsingu 30. des. 1904, um tilkynningar samkvæmt lögum um vörumerki 13. nóv. 1903.

Yfirlýsingar þær, sem samkvæmt 15. gr. laga nr. 43, 13. nóv. 1903, eiga að fylgja tilkynningum frá mönnum erlendis, um að þeir undirgangist varnarþing hjer og tilnefni umboðsmann, þurfa framvegis ekki að vera staðfestar með notarialvottorði, og breytast tilkynningafyrirmyndir þær, sem umræðir í greindri auglýsingu 30. des. 1904, samkvæmt því.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. mars 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 18. febrúar, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Valdemar Georg.

Gefið á Amalúborg, 18. mars 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.